



Ágæta sveitarstjórn

Markaðsstofa Norðurlands óskar hér með eftir stuðningi sveitarfélagsins við Flugklasann Air 66N fyrir starfsárið 2025. Óskað er eftir stuðningi sem nemur 500 kr. per íbúa sveitarfélagsins.

Markaðsstofan hefur undanfarnar vikur unnið að því að fá ríkið til að setja meira fjármagn í Flugklasann. Var það gert í framhaldi af samtali við öll sveitarfélög á Norðurlandi, þar sem kom fram að eðlilegra þætti að ríkið sæi um fjármögnun verkefnisins en einstök sveitarfélög. Erindi var sent til ráðherra ferðamála þess efnis og var það erindi til skoðunar í ráðuneytinu. Afgreiðsla erindisins liggur ekki fyrir og ekki ljóst hvenær það hlýtur afgreiðslu. Markaðsstofan óskar þess vegna eftir stuðningi sveitarfélaga við Flugklasann fyrir árið 2025 á meðan gengið er frá því hvernig framtíðar fjármögnun verður háttað.

Frekari upplýsingar um framvindu þessa máls síðustu vikur og mánuði má finna í bréfi sem Markaðsstofan sendi til sveitarfélaganna þann 17. september s.l.